



að Mariú, og bendir henni með ákefð að lesa það, sem standi á saurblaðinu. María sér þar þá nafnið sitt. Bókin var þá bíblían, sem hún hafði sent til Indlands. Og kristna starfs-konan þessi var litla Hindúa-stúlkan, sem hún svo oft hafði beðið fyrir.

Guð hafði þannig blesсаð fyrsta missiónar-verkið hennar, sem hún hafði unnið, þegar hún var lítil stúlka. Hann hafði blesсаð gjöfina hennar, og látið hana verða til þess, að Hindúa-kona ein varð að kristinni starfs-konu. Og hana sjálfa hafði hann gert að missiónera. Og svo átti hún líka að fá að njóta þeirrar ánægju, að hafa í félagi við sig og í starfi með sér *hana*, sem hún svo lengi hafði beðið fyrir.

Ur *Children's Missionary Friend*.

EINN VEGUR.

Það var einu sinni lítil stúlka, sem kunni ætíð lexíuna sína á sunnudasgskólanum svo vel. Hún hét Lóis. Einu sinni spurði kennarinn hana, hver kendi henni lexíuna. Hún svaraði: „Eg kenni mér hana sjálf.“

„En hvernig ferðu að því?“ — spurði kennarinn.

Hún svaraði: „Eg á sex brúður. Og á hverri viku kenni eg þeim lexíuna. Eg kenni hverri fyrir sig, og læt þær læra minnistextann líka. Svo þegar eg er búin að kenna þeim, þá kann eg sjálf lexíuna mína svo vel, að eg kann utan að nærrí því hvert einasta orð.“ — Og hún sagði það satt.

Skyldu ekki vera til einhverjar litlar stúlkur aðrar, sem eiga brúður og vildu kenna þeim?

Ur *S. S. Herald*.

STEINAR GEFA BRAUD.

(Þýtt—handrit H. Kr. Fr.)

Maður er nefndur König; hann var háskólakennari í Bern í Sveiss. Hann var maður örlátur mjög og góðgjörðasamur.